

Gos í Eyjafjallajökli - staða 7. maí 2010 kl. 16:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Ólafi Frey Gíslasyni, Guðrúnu Larsen, Rikke Pedersen, Benedikti G. Ófeigssyni, Matthew J. Roberts.

**Byggt á:** Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, tilkynningum frá farþegaflugvélum, MERIS gervihnattamynd og tilkynningum á vef VÍ.

**Gosmökkur:**

**Hæð (m.y.s.):** 7 km skv ratsjá kl 11:55. Farþegavél á leið til Keflavíkur kl 15:18: 20.000-25.000ft/7-7,6 km.

**Stefna:** Suðaustur.

**Litur:** Dökkur neðst, annars ljós grár.

**Gjósकुfall:** Hófst í Vík kl. 21 í gærkvöld, ösku rigndi niður. Öskufall nær út á miðjan Mýrdalssand (55-60 km frá gosinu).

**Eldingar:** Hafa ekki mælst síðsta sólarhringinn.

**Drunur:** Engar tilkynningar.

**Bræðsluvatn:** Síðasta sólarhringinn hefur við Markarfljóstbrú ekki orðið vart við flóðgusur frá Gígjökli. Leiðni hefur þar farið lækkandi og sjást nú dæmigerðar dægursveiflur í vatnsmagni og hita. Rafleiðni í Jökulsá á Sólheimasandi sem rakinn er til mengunar frá ösku sem borist hefur af jökli í jökulvatnið er enn nokkuð há. Töluvert rennsli er í ám á svæðinu kringum Mýrdals- og Eyjafjallajökul vegna hlýinda.

**Aðstæður á gosstað:** Gosmökkur rís lægra nú en í gær, hann leggur fyrir undan vindi og fellur ekki eins mikið úr honum og 6. maí. Gígur heldur áfram að hlaðast upp í kringum gosopið í ískatlinum. Hraunstraumurinn til norðurs er á svipuðum slóðum og síðustu tvo daga.

**Órói:** Svipaður og í gær, lágur líkt og hann var að jafnaði 14-17. apríl.

**Jarðskjálftar:** Mælast enn sunnan við og undir toppgíg, færri en í gær. Dýpi: 5-13 km.

**GPS-aflögun:** GPS-mælingar umhverfis Eyjafjallajökul sýna ekki verulega heildarfærslu, sem bendir til þess að hægt hafi á útpenslunni sem greindist í gær.

**Annað:** Kornastærðagreining á öskusýni sem féll 3. maí í um 64 km fjarlægð frá upptökum sýnir að um 5% öskunnar eru smærri en 10 micron (svifryk). Þetta er mun minna ení sýni frá 15. apríl sem tekið var í um 58 km fjarlægð frá upptökum, en þá voru um 25% smærri en 10 micron. Kornastærðagreining var gerð á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Heildarmat:** Sprengivirkni virðis hafa dvínað frá því í gær. Gosmökkurinn rís lægra og er ljósari. Gufuvirkni er við hrauntunguna sem bendir til bráðnunar íss í tröðinni, en ekkert í líkingu við gufuvirkni þegar hraunstraumurinn var hvað virkastur. Ekkert bendir til gosloka.